

**498. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 9. maí 2018 og  
hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Sigurður Jón Hreinsson formaður, Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður, Gísli Halldór Halldórsson bæjarstjóri, Guðfinna M Hreiðarsdóttir aðalmaður og Ásvaldur Magnússon áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fulltrúar Verkís, þeir Jóhann Birkir Helgason, Birgir Tómas Arnar og Vigfús Arnar Jósefsson, sátu lið nr. 8, frá 09:30 til 10:00

**Dagskrá:**

**1. Deiliskipulag í Reykjanesi. - 2011030164**

Jóhann Birkir Helgason skipulags- og byggingafulltrúi Súðavíkurhrepps, leggur fram fyrirspurn í tölvupósti dags. 02.05.2017 um landnýtingu og deiliskipulag við Reykjanes, vegna vinnu við Aðalskipulag Súðavíkurhrepps. Drög að deiliskipulagi Reykjanes, frá 2015 liggja fyrir. Súðavíkurhreppur óskar eftir upplýsingum um hvaða áform landeigandi hefur um landnýtingu svæðisins.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd telur að ekki verði breytingar á landnotkun í Reykjanesi og skal landnotkun í Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps, miðast við þá starfsemi sem fyrir er. Nefndin telur að endurskoða þurfi fyrirbyggjandi drög að deiliskipulagi Reykjanes. Lagt er til við bæjarstjórn að deiliskipulagið verði endurskoðað.*

**2. Umsókn um framkvæmdaleyfi - Lagnaframkvæmdir á Reykjanesi - 2018050019**

Orkubú Vestfjarða hefur sótt um framkvæmdaleyfi hjá Súðavíkurhreppi, vegna hitaveitu- og strenglagnar. Áætluð lagnaleið er frá borholu að rafstöð. Fylgigögn eru tölvupóstur frá skipulags- og byggingafulltrúa Súðavíkurhrepps dags. 23. apríl 2018 og fylgigögn frá OV ásamt erindisbréfi dags. 19.03.2018. Óskað er heimildar Ísafjarðarbæjar sem landeiganda fyrir framkvæmdinni.

*Óskað er eftir frekari gögnum.*

**3. Skipulags- og byggingarfulltrúi - almenn erindi 2018 - 2018010063**

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir heimild bæjaryfirvalda til þess að stofna lóð undir stöðvarhús Úlfsárvirkjunar.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar.*

**4. Hnífsdalsvegur 13 - Umsókn um stækkun lóðar - 2018050005**

Þóra Guðmunda Karlsdóttir sækir um stækkun á lóð við Hnífsdalsveg 13, sótt er um 8 metra stækkun út frá na-mörkum lóðar. Fylgigögn eru lóðablað frá Tæknideild Ísafjarðarbæjar dags. 07.11.2016 og umsókn dags. 24. apríl sl.

*Erindi frestað*

**5. Drafnargata 8, Flateyri - Umsókn um lóð í fóstur - 2018050020**

Sæbjörg Freyja Gísladóttir sækir um lóð í fóstur við Drafnargötu 8, til almennra nytja s.s. grænmetisrækt. Fylgigögn eru umsókn dags. 24.04.2018

*Byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.*

**6. Ártunga 3 - umsókn um lóð - 2018050013**

Ólafur Kristjánsson sækir um lóð fyrir íbúðarhús við Ártungu nr. 3, meðfylgjandi er umsókn 30.04.2018

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Ólafur Kristjánsson, fái lóð við Ártungu nr. 3, skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.*

**7. Deiliskipulag - Mjósund - 2014090004**

Var áður á dagskrá fundar nr. 496 erindi tekið fyrir að nýju.

Deiliskipulagsvinna við Mjósund hófst í sept. 2014, deiliskipulagslýsing unnin af teiknistofunni Eik dags. ágúst 2014 var send út til umsagnaraðila. Umsagnir bárust frá umsagnaraðilum þ.e. Minjastofnun, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og Veðurstofu. Jafnframt voru komin drög að mismunandi valkostum í deiliskipulagi og greinargerð.

Gögn lögð fram til umræðna.

*Nefndin leggur til að unnin verði heildarsýn fyrir svæðið frá Njarðarsundi og upp að Sólögötu, þar sem horft verður til verndarsvæðis í byggð og skýrsla Pollnefndar verður höfð til hliðsjónar. Nefndin leggur til að gert verði ráð fyrir verkefninu í næstu fjárhagsáætlunargerð, jafnframt leggur nefndin til við bæjarstórn að heimila skipulagsvinnu.*

**8. Úttekt frárennislagna 2016 - 2016110066**

Kynnt skýrsla Verkís dags. 18.12.2017 úttekt á fráveitu Ísafjarðarbæjar. Til fundar mæta fulltrúar Verkís sem eru Jóhann Birkir Helgason, Birgir Tómas

Arnar og Vigfús Arnar Jósefsson.

*Skýrsluhöfundar kynntu efni skýrslu og erindi er frestað fram að næsta fundi.*

**10. Afgreiðslufundir byggingarfulltrúa - 26 - 1804016F**

Lagt fram til kynningar.

*Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 26*

10.1 2018040013 - Sindragata 4a1. Umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt, samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010

10.2 2018030041 - Rómarstígur 3 umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt, samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 gerðar eru kröfur um lágmarksbil á milli húsanna með vísan í gr. 9.7.5. gr. byggingareglugerðar.

10.3 2018030042 - Rómarstígur 5 umsókn um byggingarleyfi

Byggingaráform eru samþykkt, samræmist lögum um mannvirki nr. 160/2010 gerðar eru kröfur um lágmarksbil á milli húsanna með vísan í gr. 9.7.5. gr. byggingareglugerðar.

10.4 2018030105 - Fyrirspurn um útlitsbreytingar og viðgerðir, Brimnesvegur 2

Tekið er jákvætt í erindið, óskað er eftir formlegri umsókn um byggingaleyfi og fullgerðum uppdráttum.

10.5 2018040031 - Umsókn um byggingarleyfi - Dagverðardalur 5

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið. Umsókn vísað til afgreiðslu skipulags- og mannvirkjanefndar.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15**

---

Sigurður Jón Hreinsson

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Gísli Halldór Halldórsson

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Ásvaldur Magnússon

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby